

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 73/2004

frá 8. júní 2004

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 24. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32003 L 0071**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 (Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 29a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB):

„29b. **32003 L 0071**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/71/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

S. Gillespie

formaður.

(*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.